

## Silfurplötur Iðunnar

Nýlega keypti Útgáfusjóður Iðunnar það upplag sem eftir var af Silfurplötum Iðunnar hjá útgefanda. Þar með verður þessi bók hvergi fáanleg nema hjá stjórn Iðunnar. Verðið fyrir hvert eintak er nú 12.000 krónur og má telja líklegt að það verði hækkað frekar en hitt, því bókin má nú teljast fágæti og varla fært að endurprenta hana næstu árin vegna kostnaðar. Vilji menn tryggja sér eintak af Silfurplötunum er best að hafa samband við formann félagsins eða ritara.

## Syngjum og kveðum

Bára Grímsdóttir og Chris Foster hafa séð um söngsamkomur í borðsal Gerðubergs einn sunnudag í hverjum mánuði. Þar er öllum frjálst að mæta og syngja með. Í janúar verður sungið og kveðið þann 16. en í febrúar og mars þann 13. hvers mánaðar milli 14-16. Þetta hafa reynst skemmtilegar samkomur og margir komið. Iðunnarfélagar eru hvattir til að mæta og gleyma ekki börnunum heima.

## Fundir og kvæðalagaæfingar 2011

Allir fundir og æfingar félagsins fara fram í Gerðubergi í Breiðholti og hefjast klukkan 20:00 nema Heiðmerkurgleðin sem fer að sjálfsögðu fram við Grunnuvötn í Heiðmörk. Félagsmenn í Iðunni eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka.

1	5. janúar, miðvikudagur 7. janúar, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) félagsfundur (uppi)
2	2. febrúar, miðvikudagur 4. febrúar, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur
3	2. mars, miðvikudagur 4. mars, föstudagur	kvæðalagaæfing aðalfundur
4	6. apríl, miðvikudagur 8. apríl, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur
5	4. maí, miðvikudagur 6. maí, föstudagur	kvæðalagaæfing vorfundur
6	15. júní, miðvikudagur	Heiðmerkurgleði



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

112. tölublað – 31. árgangur

Desember 2010

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

## Vangaveltur

Kæri lesandi. Jól eru í aðsigi, enn einu sinni. Auglýsingabæklingar streyma inn um lúgur landsmanna, fyrirtæki keppast um kunnana og sum þeirra fullyrða að jólin byrji hjá þeim. Fréttir herma að slagurinn um viðskipti sé harður, enda hefur kaupmátturinn ekki verið eins góður og stundum áður.

Auglýsingabrellur eru ekki nýjar af nálinni, þær birtast aðeins í nýjum útgáfum. Áður fyrr voru þær þó hógværi og ekki eins hvassar. Kaupmenn vissu sem var að farið yrði í kaupstaðinn, fæði og klæði yrði að útvega, svo enginn á bæjunum færi í jólaköttinn.

Nálægð jólanna snertir tilfinningalíf okkar, vekur vonandi umhugsun, von um betri tíð og bætt mannlíf. Nálægðin vekur einnig upp söguna um fæðingu frelsarans forðum, jólaguðspjallið kemur til okkar með áskorun um þátttöku í gleðinni sem birtist í söng englanna forðum:

Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu.

Jólin blunda í hugskoti sérhvarrar manneskju sem leitar samfélags við meðbræður og systur, já einnig samfélagið við Drottinn. Jólin stíga fram, stundum sem í minningu bernskunnar jóla, þegar hátíð var í bæ, allt var undurhljótt og gott. Jólin birta okkur kærleika Guðs til alls sem lifir og hrærist á jörðu.

Á þróskuldi helgrar hátíðar minnumst við með þakklæti þeirra sem gengnir eru og horfnir á vit æðra tilverustigs. Einnig þökkum við samfylgd góðra samferðamanna og óskum hvert öðru gleðilegra jóla.

Þar sem vísnagerð og kveðskapur er það sem bindur okkur saman umfram annað, læt ég fljóta með nokkrar línur bundins máls.

Sérðu þá stjörnu sem tindrar?, sú breytir nóttu í dag,  
Heyrirðu klukkurnar kalla?, heyrirðu englalag?  
Sérðu hinn nýfædda Jesúm? Sérðu að Guð er til?  
Heyrirðu kliðinn frá kindum? Hér eru tímaskil.  
Líttu í jötuna lágu, líttu í eigið skaut.  
Guð vill þér eilífa gefa, gleði á himinbraut.

*Skírnir Garðarsson*

## Kvæðamál

*Einn ágætur Íðunnarfélagi hitti kerlinguna á Skólavörðuholtinu á förnum vegi og bað hana um vísu.*

Er jólin yfir borg og bý  
breiða helgiskikkju,  
þá er ljúft að leggjast í  
leti, át og drykkju.

*Félaginn bað um aðra og fékk þessa.*

Bráðum jóla- kemur kveld  
með klukknahljóm og snjóinn,  
ég varla af spennu vatni held  
og verð að pissa í skóinn.

Skyr- um –gám ég geta vil.  
Gáfna- fremur –tregur.  
Jarmar einn í eljabyll  
jólaveinalegur.

*Ingi Heiðmar Jónsson*

Bráðum koma blessuð jólin  
best er því að passa sig.  
Ýmsar komast ekki kjólinn,  
yfirdrættir sitja um þig.

*Helgi Zimsen*

Núna fer að nálgast jól.  
Nýjan Gunna fær sér kjól,  
hækkar brátt á himni sól,  
hrútar brúkað fã sín tól.

*Þórarinn Már*

Skært þó eigir skrautið bjarta  
og skíni fagurt ljósin þrúð.  
Gleðin auðgast inn í hjarta,  
enginn hana fær í búð.

Jólafögnuð oss að eiga  
öllum býður Kristur þá.  
Umbúðirnar aldrei mega  
okkar gleði skyggja á.

*Sigmundur Benediktsson*

*Neyslujól*

Um jólin hans Jesú í frosti  
við jöplum á dýrlegum kosti,  
sauðum og svínum  
og súpum á vínunum  
uns afvelta liggjum í losti.

*Helgi Zimsen*

*Að kaupa banka  
(sala ríkisbankanna)*

Sjálfstæðið er sett í veð,  
sóað þörfum hagsins,  
farið svo af flaustri með  
fjöregg þjóðfélagsins.

Ríkisstjórn af heimsku hlesst  
hamrar falskar nótur.  
Í annálsritum seinna sést  
syndaferill ljótur.

Efnasmárra eykst nú kvöl  
út mun sumum blæða.  
Það mun verða þjóðarböl  
þá að einkavæða.

Glatast flest í glapafen  
um gull og völd er rifist.  
Þetta bölvæð græðgisgen  
getur lengi þrifist.

*Sigmundur Benediktsson  
spámaður frá Akranesi*

Fyrir hrunið framsýnn kvað  
fallvalt gengið, margur lesi,  
spaka vísu er spann á blað  
spámaður á Akranesi.

*Helgi Zimsen*

*Gryla*

Í mér blunda fól ég finn  
fæ því vart að skýla.  
Held að innri maður minn  
muni vera gryla.

*Jólasveinar*

Um það mun ég yrkja spé,  
ekki þessu skal trúa neinn  
upp á Skaga að einmitt sé  
annar hver maður jólasveinn.

*Skreyta*

Þó að eigi þjóðin bágt  
þessu má ei breyta  
híbyli sín hátt og lágt  
hamast við að skreyta.

*Anna Heiðrún Jónsdóttir*

Dagarnir úr djúpi rísa,  
daprast myrkratökin hljótt.  
Bráðum jólaljósin lýsa,  
lengist dagur, hverfur nótt.

*Bjarni Valtýr*

Vinir gleðjast, hafa hátt  
á himni lækkar sólin.  
Ljóðaharpa klingir kátt  
koma bráðum jólin.

*Guðný.A.Valberg*